



165. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í Golfskálanum Strandarvelli föstudaginn 21. ágúst 2009 kl. 10:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir  
1. Varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Lárus Blöndal varaforseti, Helga H. Magnúsdóttir og Örn Andrésson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

#### 1. Ólympísk verkefni

- *EYOF*  
Hafsteinn Pálsson skýrði frá því að skýrsla frá leikunum yrði lögð fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar.  
Forseti ítrekaði þakkir til fararstjórnar og fagteymis.
- *Vancouver*  
Lögð fram tillaga Afrekssviðs ÍSÍ um Andra Stefánsson sem aðalfararstjóra á leikana. Samþykkt.  
Ákvörðun um annað aðstoðarfólk verður ákveðið síðar þegar fjöldi keppenda liggur fyrir.

#### 2. Heilbrigðisreglur ólympíuhreyfingarinnar – Medical Code

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála. Umfjöllun frestað til næsta fundar.

#### 3. Erindi Lyfjaráðs vegna skipan lögfræðings í Lyfjaráð ÍSÍ

Guðmundur Sigurðsson lögfræðingur Lyfjaráðs ÍSÍ hefur óskað eftir því að láta af störfum. Lyfjaráð leggur til að Halldór Halldórsson taki sæti hans í Lyfjaráði ÍSÍ.  
Samþykkt.

#### 4. Fundargerðir

**Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:**

- 164. fundur framkvæmdastjórnar
- 10. fundur framkvæmdaráðs frá 9.júlí
- 11. fundur framkvæmdaráðs frá 5. ágúst
- Afrekssviðs frá 6. ágúst
- Laganefndar frá 18. ágúst  
Samþykkt með ábendingu um lagfæringu á nafni Akstursíþróttafélagsins Piston. Nafnið samræmist ekki kröfum ÍSÍ um nöfn á íþróttafélögum.
- 3.-5. fundur Íslenskra getrauna
- 547.-551.fundur Íslenskrar getspár

#### 5. Viðburðir framundan

**Fram að næsta fundi:**

- EM kvenna í knattspyrnu, Finnlandi 24.ág.-10.sept.
- Fundur norrænna skólaíþróttanefnda, 29.-30. ágúst
- Fundur norrænna íþróttasamtaka í Þórshöfn, Færeyjum, 10.-13. September

**Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ á fundinum verði Lárus Blöndal varaforseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.**

- *Norrænn fundur samtaka um fyrirtækjalþróttir í Gotlandi, 19.september*
- *Norræn mannvirkjaráðstefna 9.-10.september*
- 

**Til lengri tíma litið:**

- *13. Ólympíuþing IOC í Kaupmannahöfn, 3.-5.október*
- *Formannafundur ÍSÍ 20. nóvember 2009*
- *Aðalfundur EOC í Lissabon, 27.-28.nóvember*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*
- *Vetrarólympíuleikar í Vancouver, 12.-27.febrúar 2010*
- *Ólympíumót fatlaðra í Vancouver, 12.-21.mars 2010*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*
- *Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27.júlí 2011*
- *Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011*
- *-Ólympíuleikar í London 7.júlí - 12.ágúst 2012*

**6. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 20. ágúst og 24. september

**7. Önnur mál**

- **Drangeyjarsund**  
Framkvæmdastjóri skýrði frá ágreiningi um reglur um Drangeyjarsund. Samþykkt að Hafsteinn Pálsson og Þorgrímur Þránínsson skoði málið, ásamt framkvæmdastjóra.
- **Kvennahlaup**  
Ingibjörg Bergrós skýrði frá helstu helstu tölum varðandi kostnað og þátttöku í Kvennahlaupi ÍSÍ. Sjóvá kom myndarlega að þessu afmælishlaupi með auka fjárframlagi.
- **Reykjavík International Games**  
Gústaf sagði frá verkefninu Reykjavík International Games. Sendinefnd frá ÍBR fór nýlega til að kynna verkefnið á Norðurlöndum og víðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Í framhaldi af fundinum snæddi framkvæmdastjórnin hádegisverð með Óskari Pálssyni sem bæði er formaður Golfklúbbs Hellu og Rekstrarfélags Strandavallar og Katrínu Björk Aðalbjörnsdóttur gjaldkera Golfklúbbs Hellu.

Halla Kjartansdóttir  
fundarritari